

Ed.

261. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 um aðflutningsbann á áfengi.

Nefnd sú, er fjekk ofannefnt lagafrumvarp til meðferðar og athugunar, hefir haldið með sjer nokkra fundi, og skal hjer í stuttu máli skýrt frá álitum hennar og þeirri niðurstöðu, er hún hefir að komist.

Í heild sinni lítur nefndin svo á, að yfir höfuð stefni frumvarp það, er hjer er um ræða, að því að gera aðflutningsbannslögin framkvæmanlegri en ella. Og gengur nefndin að því visu, að lögreglustjórum landsins og þeim mönnum, er eiga að hafa á hendi framkvæmd laga yfir höfuð og eftirlit með þeim, mundi

veita að mun ljettara að gæta áfengisbannslaganna eftir en áður, ef, eða þegar þetta frumvarp með tilæluðum breytingum næði fram að ganga.

Til að sannfærast um þetta, þarf ekki annað en að bera 1. gr. frumvarpsins, sem kveður svo á, að alt aðflutt áfengi skuli innsigla á fyrstu höfn, er skip kemur á, og vera stöðugt undir innsigli, þangað til skipið fer frá síðustu höfn á landinu, saman við 5. gr. bannlaganna, þar sem áfengi, er ætlað er til skipsforða er undanskilið innsiglan.

Því fer fjarri að bannlögin sju hert með umræddu frumvarpi nje með þeim breytingartillögum er nefndin gerir. Sektarákvæði gildandi laga haldast óbreytt og í raun og veru eru engin ný sektarákvæði sett inn, nema þau er um er að ræða í 2. grein.

Ákvæði þessarar greinar eru þó ekki nýmæli. Í reglugjörðum bæjanna eru heimilaðar samskonar ráðstafanir og meðferð á ölvuðum mönnum, er þeir raska ró og friði eða eru ósjálfbjarga. Enda verður að ætla, að frumv., ef að lögum yrði mundi ekki heimila að ölvaðir menn væru settir í hald og sektaðir, nema undir áðurnefndum kringumstæðum.

Frumvarpið miðar og til þess, að gera sum fyrirmæli bannlaganna skýrari og ákveðnari. Reynslan hefir sýnt, að erfitt og jafnvel ómögulegt er, að fá menn alment til að hlýða sumum ákvæðum laganna, sem þó eru alveg nauðsynleg, og má til þessa nefna það ákvæði, að eigendur áfengisbirgða skuli vera skyldir til, að gefa vottorð um birgðirnar. Var því óumflýjanlegt, að gera ný ákvæði, er láta varða við lög, ef fyrirmælum hinna fyrri ákvæða er ekki hlýtt.

Um einstök atriði var talsverður ágreiningur í nefndinni, og má gera ráð fyrir, að ágreiningsmennirnir skýri frá því sjerstaklega, hvar og hversvegna þeir hafa ekki getað orðið meiri hlutanum algerlega samferða.

Nefndin eða meiri hluti hennar leggur því til við háttvirta deild, að hún samþykki frumvarpið með þeim 17 breytingum, er standa á þingskjali nr. 262.

Fyrir breytingartillögunum mun verða gerð grein í framsögunni.

Alþingi 7. ágúst 1915.

Jósef Björnsson,
formaður.

Björn Þorláksson,
skrifari og framsögumaður.

G. Björnson.

Karl Einarsson,
með skírskotun til sjerstakra breytingartill.

Að ýmsu leyti ósamþykkur meðnefndarmönnum mínum (sbr. sjerstakar breytingartill.) og mun jeg gera grein fyrir afstöðu minni við umræðurnar.

Magnús Pjetursson.